

# Eftirfylgni: *Ferðamálastofa*

## Niðurstaða

Ríkisendurskoðun ítrekar ekki fjórar ábendingar sínar frá árinu 2014 um starfsemi og rekstur Ferðamálastofu. Stofnunin telur þó margt enn óskýrt um skiptingu hlutverka og ábyrgða innan ferðamála. Ríkisendurskoðun hefur því ákveðið að hefja forkönnun stjórnsýsluúttektar á stjórn-sýslu ferðamála.

## Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2014

Í skýrslunni [Ferðamálastofa](#) (2014) leitaðist Ríkisendurskoðun við að fá svör við spurningum um hvort hlutverk Ferðamálastofu væri skýrt, hvort stofnunin sinnti verkefnum sínum með árangursríkum hætti og hvort hún nyti nægs stuðnings atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

Í skýrslunni kom fram að hlutverk Ferðamálastofu skarast að nokkru leyti við hlutverk annarra stofnana í málaflokknum. Ríkisendurskoðun taldi nauðsynlegt að farið væri yfir hlutverk og verkefni þessara stofnana og þau skilgreind betur svo að ábyrgð og hlutverkaskipting væri skýr. Þá var talið mikilvægt að skýra frekar ábyrgð og verkefni Ferðamálastofu vegna Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Almennt kom í ljós að starfsemi Ferðamálastofu gengi vel og væri í samræmi við áætlanir. Þó mætti vinna að því að bæta stjórnun, formfesta verklag og setja nýtt skipurit. Þá væri stuðningur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis við Ferðamálastofu ekki nægjanlegur og samskipti og upplýsingamiðlun ekki eins og best yrði á kosið. Vísbendingar voru um að ráðuneytið leitaðist við að bæta úr þessu.

## Ábendingar árið 2014

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti var bent á að endurskoða þyrfti lög um skipan ferðamála, skýra hlutverk og verkefni Ferðamálastofu, kostnaðargreina verkefni hennar og beita sér fyrir að þeim fylgdi fjármagn. Þá var ráðuneytið hvatt til að skoða hvort veita ætti Ferðamálastofu heimild til að beita eftirlitsþega viðurlögum ef þeir gerðust brotlegir við lög. Eins var ráðuneytið hvatt til að tryggja að gjaldskrá Ferðamálastofu væri í samræmi við raunkostnað á hverjum tíma.

Í viðbrögðum sínum greindi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti frá því að vinna væri hafin við að endurskoða hlutverk Ferðamálastofu sem og skipulag málaflokksins í heild. Tekið yrði tillit til ábendinga Ríkisendurskoðunar við þá vinnu. Þá var ráðuneytið sammála því að nauðsynlegt væri að endurskoða gjaldskrá Ferðamálastofu.

Önnur ábending til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis sneri að því að skýra þyrfti ábyrgð Ferðamálastofu vegna Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og að virða þyrfti hlutverk hennar og ábyrgð í tengslum við sjóðinn. Þá þyrftu fjárveitingar til sjóðsins að endurspeglu útgjöld vegna hans. Ráðuneytið tók undir þessa ábendingu og greindi frá því að unnið væri að því að endurskoða starfsreglur sjóðsins. Einnig væri mögulegt að sækja um auknar fjárheimildir ef í ljós kæmi að hægt væri að rekja viðbótarkostnað Ferðamálastofu beint til kostnaðar vegna umsýslu við sjóðinn.

Ríkisendurskoðun hvatti Ferðamálastofu til að efla mannauðsstjórnun og vinna verklagsreglur og nýtt skipurit. Ferðamálastofa tók undir þessi sjónarmið og tiltók að unnið yrði að úrbótum í samræmi við þau. Þá hefði verið ráðist í úrbætur vegna ábendingar Ríkisendurskoðunar um yfirsýn Ferðamálastofu um fjárhagsstöðu Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Ríkisendurskoðun benti fjármála- og efnahagsráðuneyti á að hluti árlegra fjárveitinga Ferðamálastofu er ætlaður til markaðssetningar erlendis. Þaðan eru þær millifærðar til Íslandsstofu sem sér um markaðssetninguna. Eðlilegra væri að þessar fjárheimildir væru færðar frá Ferðamálastofu yfir á réttara viðfang á fjárlögum. Í viðbrögðum sínum sagðist fjármála- og efnahagsráðuneyti ætla að taka þetta til skoðunar í tengslum við útgáfu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2015.

## Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2017

Í nóvember 2016 óskaði Ríkisendurskoðun eftir upplýsingum frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Ferðamálastofu og fjármála- og efnahagsráðuneyti um hvort og þá

hvernig brugðist hefði verið við ábendingum stofnunarinnar frá árinu 2014 og lágu svör fyrir í byrjun janúar 2017.

Í svari atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis kom fram að þegar hefði verið brugðist við ábendingu um endurskoðun á gjaldskrá Ferðamálastofu og að ný gjaldskrá, nr. 725/2016, hefði verið sett. Þá minnti ráðuneytið á að það hefði að vissu leyti tekið undir ábendingar Ríkisendurskoðunar um að skýra þyrfti hlutverk og verkefni Ferðamálastofu og hefði vinna við það verið hafin. Ákveðið hefði verið að fara heildstætt yfir málaflokkinn og vinna að nýrri stefnu í ferðapjónustu. Sú stefna kom út í október 2015 og ber heitið [Vegvísir í ferðapjónustu](#).

Í framhaldinu hafi Stjórnstöð ferðamála verið sett á laggirnar sem samhæfingarvettvangur stjórnvalda og hagsmunaaðila í ferðapjónustu. Stjórnstöðin verður starfrækt til ársloka 2020. Þá mun fara fram heildarendurskoðun á lögum um skipan ferðamála og hlutverk og ábyrgð Ferðamálastofu sem stjórnvalds tekið til endurskoðunar og skýrt betur. Meðal annars verði tekin afstaða til þess hvort Ferðamálastofa eigi að fá heimild til að beita íþyngjandi stjórnvaldsfyrirmælum og hvort færa eigi einhver verkefna hennar til annarra stjórnvalda.

Vegna ábendingar um ábyrgð Ferðamálastofu vegna Framkvæmdasjóðs ferðamannaástaða tók ráðuneytið fram að settar hefðu verið starfsreglur fyrir sjóðinn með reglugerð nr. 20/2016. Þá væri búið að gera þjónustusamning milli Ferðamálastofu og ráðuneytisins vegna reksturs sjóðsins og auknum verkefnum Ferðamálastofu vegna hans mætt með 15 m.kr. fjárveitingu árið 2016.

Vegna ábendinga Ríkisendurskoðunar til Ferðamálastofu upplýsti stofnunin að unnið hefði verið að því að efla vinnustaðamenningu og mannauðsstjórnun hennar með ýmsum hætti, m.a. með nýrri endurmenntunar og heilustefnu, samgöngusamningum og sveigjanlegum vinnutíma. Telur Ferðamálastofa að vel hafi tekist til og vellíðan starfsmanna aukist. Nýtt skipurit var kynnt árið 2015 og ný stefna Ferðamálastofu fyrir árin 2017–20 hefur verið mótuð og kynnt. Verklagsreglur vegna málefna sem lúta að stjórnsluhlutverki stofnunarinnar hafa verið settar. Þá hafa starfsreglur vegna Framkvæmdasjóðs ferðamannaástaða verið formfestar með reglugerð og yfirsýn um fjárhagsstöðu hans verið bætt.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti greindi frá því í svari sínu að brugðist hefði verið við ábendingu Ríkisendurskoðunar með því að flytja fjárheimild til markaðs- og kynningarmála erlendis af fjárlagalið Ferðamálastofu yfir á liðinn „04 559 Ýmis ferðamál“ hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Er það í fullu samræmi við ábendingu Ríkisendurskoðunar.

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur verið brugðist við ábendingum hennar í flestum meginatriðum. Enn virðist afmörkun verkefna og ábyrgð stofnana innan málaflokksins ferðamál þó óskýr þrátt fyrir nýja stefnu stjórnvalda. Í því sambandi má geta þess að Stjórnstöð ferðamála, sem sett var á laggirnar árið 2015, virðist að nokkru leyti fallinn hluti af þeim verkefnum sem lög kveða á um að Ferðamálastofa skuli sinna. Sú skörun er greinilegust í verkefnum sem varða þróunar-, gæða- og skipulagsmál ferðapjónustu og markaðs- og kynningarmál. Þá hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti nýlega sett á fót skrifstofu ferðamála innan vébanda sinna.

Ríkisendurskoðun sér ekki ástæðu til að ítreka ábendingu sína til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Með tilliti til þróunar innan málaflokksins telur stofnunin aftur á móti ástæðu til að hefja forkönnun stjórnsluúttektar á stjórnslu ferðamála.

## Um úttektina

Úttekt þessi er unnin með vísan í 6. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um stjórnsluendurskoðun (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofnunin þar megináherslu á að kanna hvort þeir anmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti, fjármála og efnahagsráðuneyti og Ferðamálastofa fengu drög að þessari eftirfylgniskýrslu til umsagnar og þakkar stofnunin þeim fyrir aðstoð og upplýsingar við gerð hennar.